

mslt. 08.02.10



Gísli Gíslason
skipulagsfulltrúi Mýrdalshrepps
Austurvegi 17
870 VÍK

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 2. febrúar 2010
Tilv.: SLR09060116/7.20.0

Efni: Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009 - 2025.

Með bréfi þann 19. ágúst sl. gerði ráðuneytið ekki athugasemdir við framkomna tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009 - 2025.

Þrátt fyrir það svar, vill ráðuneytið koma eftirfarandi á framfæri:

Í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er kveðið á um mikilvægi þess að standa vörð um innlendan landbúnað og tryggja fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar. Jarða- og ábúðarmál eru nátengd yfirlýstum markmiðum um fæðuöryggi þjóðarinnar. Meginstefnan hlýtur að felast í að halda utan um og vernda núverandi og framtíðar landnáði sem til matvælaframleiðslu er fallið og skapa jafnframt sem best skilyrði í hinum dreifðu byggðum til fjölþættra nota sem á þessu byggjast. Í þessu felst jafnframt að hafa í huga verndun einstakra náttúruyfyrirbigða og vistkerfa.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið vísar jafnframt til þess að á síðustu árum hefur vaknað umræða í þjóðfélaginu að breytt landnýting kynni að ógna fæðuöryggi þjóðarinnar í framtíðinni og þeim möguleikum sem Íslendingar hafa til að nýta land sitt á hagkvæman og arðberandi hátt til margvíslegrar verðmætasköpunar í landbúnaði. M.a. beindi búnaðarþing 2008 þeirri áskorun til ráðherra að hann skipi starfshóp sem hafi að hlutverki að finna leiðir til að tryggja varðveislu góðs ræktarlands til framtíðar. Tveir starfshópar eru nú að störfum vegna þessa á vegum ráðuneytisins.

Ráðuneytið leggur áherslu á að við breytta nýtingu lands skuli ætíð freista þess að koma í veg fyrir að landbúnaðarland eða land sem í víðu samhengi getur hentað sem landbúnaðarland í framtíðinni verði tekið undir önnur not.

Fyrir hönd ráðherra

Niels Árni Lund